

Nd.

64. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum útfluttum sjávarafurðum, hverju nafni sem nefnast og í hvaða verkunarástandi sem er, skal greiða í fiskveiðasjóð Íslands 2% -- tvo af hundraði -- af útflutningsverði afurðanna.

2. gr.

Orðin „og gilda“ og út greinina í 11. gr. laganna falla burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Það er sameiginlegt áhugamál allra sjómanna og útgerðarmanna á Íslandi, að fiskiskipaflotinn fái möguleika til þess að aukast og endurnýjast á eðlilegan hátt.

Reynsla síðari ára bendir mjög til þess, að æskilegt væri að leggja sérstaka áherzlu á fjölgun hinna stærri mótorskipa, og vitað er, að margir útgerðarmenn og sjómenn hafa sterka löngun til þess að fjölga þessum skipum, en aðgangur að viðunandi lánsfé hefur hamlað framkvæmdum.

Fiskveiðasjóður Íslands, sem ætlað er það hlutverk að styðja aukningu flotans með viðráðanlegu lánsfé, hefur ekki verið þess megnugur að bæta úr þessari fjárþörf til neinnar hlítar.

Ríkissjóði var á sínum tíma ætlað að leggja fiskveiðasjóði til eina milljón króna, en hann hefur enn ekki treyst sér til að greiða nema litinn hluta upphæðarinnar. Fyrirsjáanlegt er líka, að sú upphæð, þó greidd væri, hrekkur hvergi til þess að fullnægja fjárþörfinni, nema rétt í svip.

Síðan 1931 hefur fiskveiðasjóður fengið gjald af útfluttum fiskiafurðum, 1/8%, og hefur það numið að meðaltali á ári þessi 9 úr kr. 52245.92, eða sem svarar liðlega einu láni á ári eins og sjóðurinn veitir þau nú stærst.

Það liggur í augum uppi, að þetta er með öllu ófullnægjandi aukning á sjóðnum.

Þessi mál eru alls ekki í viðunandi lagi fyrr en fiskveiðasjóður getur viðstöðulítið lánað allt að 60% til heilbrigðrar aukningar á vélskipaflotanum, og auk þess þarf sjóðurinn að verða fær um að veita hagkvæm lán til vélarkaupa í eldri skip og til umbyggingar á þeim, þegar sérstaklega stendur á.

Fullyrða má, að af öllum gjöldum útgerðarinnar er fiskveiðasjóðsgjaldið sá skattur, sem sanngjarnastur þykir, þar sem hann fer eingöngu til aukningar á flotanum. Má því telja víst, að því yrði ekki illa tekið, þó gjald þetta yrði hækkað. Bætt afkoma útgerðarinnar hin síðustu missiri ýtir líka mjög undir, að þessi leið sé farin.

Með verulega auknum möguleikum fiskveiðasjóðs til lánveitinga minnkar þörfin fyrir lán og styrki úr fiskimálasjóði, og ætti þá að mega afnema útflutningsgjald það, er nú rennur í hann, enda eðlilegast, að lánin séu á einum stað og þá þeim mun riflegri.

Til þess að gera þessa hækkun fiskveiðasjóðsgjaldsins sem minnst tilfinnanlega fyrir útgerðina, væri æskilegt, að fellt væri niður útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem nú rennur í ríkissjóð. Heimild Alþingis fyrir ríkisstjórnina til þess að undanþiggja saltfisk útflutningsgjaldi bendir einnig til þess, að þar sé þegar nokkur vilji í þá átt fyrir hendi.

Samhliða þessu frumvarpi verður annað frumvarp lagt fyrir Alþingi, um þær breytingar á lögum fiskveiðasjóðs, að hækka hámarkslán sjóðsins til skipa úr 50 þús. upp í 150 þús. krónur og út á verksmiðjur úr 35 þús. upp í 75 þúsund krónur, en lánstími nýrra skipa verði lengdur úr 12 upp í 15 ár.